

Bæjarstjórn - 50

## FUNDARBOÐ

**50. fundur bæjarstjórnar**  
**verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 18. júní 2026 og hefst kl. 17:00**

### Dagskrá:

#### Fundargerðir nefnda

- 1. 2606004F - Bæjarráð - 44**  
Lögð fram fundargerð 44. bæjarráðs.
- 2. 2606003F - Skóla- og fræðslunefnd - 26**  
Lögð fram fundargerð 26. fundar skóla- og fræðslunefndar.
- 3. 2606002F - Skipulagsnefnd - 42**  
Lögð fram fundargerð 42. fundar skipulagsnefndar.

#### Erindi til kynningar

- 4. 2102003 - Fundargerðir - Samband íslenskra sveitarfélaga**  
Lagðar fram nýjustu fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 5. 2508001 - Aðalgata 17**  
Lagðar fram fyrstu teikningar af húsi sem fyrirhugað er að byggja á lóðinni Aðalgata 17. Þar er gert ráð fyrir verslunarrými og kaffihúsi/Bistro á neðri hæð og gistirými á efri hæð.

Enn fremur er óskað eftir því að deiliskipulag Miðbæjar Stykkishólms verði skoðað með mögulegri breytingu.

Skipulagsfulltrúi kynnti erindið á 42. fundi nefndarinnar. Skipulagsnefnd samþykkti að láta vinna breytingu á deiliskipulagi Miðbæjar Stykkishólms og taldi breytinguna vera óverulega sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna skal fyrir Aðalgötu 15 og 15 a og Laufásvegi 10 og 12.

Bæjarráð staðfesti á 44. fundi sínum afgreiðslu skipulagsnefndar.

Málið er lagt fram til kynningar í bæjarstjórn í ljósi eðlis og umfangs verkefnisins í heild.

#### Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 6. 2605014 - Erindi frá nemendum 4. bekkjar**

Nemendur 4. bekkjar komu til fundar við bæjarstjóra 13. maí 2026 og greindu frá hugmyndum sínum til framfara á skólalóð og öðrum tengdum málum. Lagt er fram bréf frá 4. bekk.

Bæjarráð þakkaði á 44. fundi sínum nemendum 4. bekkjar fyrir innsent erindi. Bæjarráð vísaði á 44. fundi sínum tillögum 4. bekkjar hvað varðar skólalóð grunnskólans til umfjöllunar um endurskoðun fyrirbyggjandi teikningum og hönnun á skólalóð Grunnskólans í Stykkishólmi. Bæjarráð fól bæjarstjóra að koma öðrum tillögum á framfæri við skólastjóra.

## **7. 1911024 - Tillaga um tímabundna niðurfellingu á gatnagerðargjöldum**

Lögð fram til tillaga um tímabundna niðurfellingu á gatnagerðargjöldum.

Bæjarráð samþykkti á 44. fundi sínum að veita vegna sérstakra aðstæðna tímabundinn afslátt (lækkun) skv. 6. gr. laga nr. 153/2006, sbr. og 6. gr. samþykktu um gatnagerðargjald í sveitarfélaginu, á gatnagerðargjöldum af byggingum íbúðarhúsnæðis. Skal umsækjandi greiða 100.000 kr. staðfestingargjald fyrir hverja lóð sem sótt er um og er staðfestingargjald óafturkræft verði umsækjanda úthlutað viðkomandi lóð.

Um er að ræða eftirtaldar lóðir:

Lóðir á 90% afslætti:

- Sundabakki 2
- Laufásvegur 19
- Hjallatangi 9
- Hjallatangi 15
- Hjallatangi 19

Lóðir á 25% afslætti:

- Hjallatangi 42

Bæjarráð vísaði afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

## **8. 2004031 - Heildarskipulag áningastaðar og útsýnissvæðis á Súgandisey**

Lagður fram samningur við Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða ásamt tengdum gögnum vegna málsins.

Bæjarráð fól bæjarstjóra á 44. fundi sínum að undirrita fyrirbyggjandi samning við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Bæjarráð samþykkti jafnframt á sama fundi að skoðað verði hvort mögulegt sé að breyta forsendum sem liggja að baki verkefninu, sér í lagi með tilliti til staðsetningar.

## **9. 2504010 - Daddavík 6**

Lögð fram drög að lóðarleigusamningi ásamt merkjalýsingu og lóðarblaði fyrir Daddavík 6.

Bæjarráð samþykkti á 44. fundi sínum samninginn og vísaði honum til staðfestingar í bæjarstjórn.

**10. 1708012 - Vatnsás 18 - Golfvöllur - lóðarblað**

Lögð fram drög að lóðarleigusamningi ásamt merkjalýsingu og lóðarblaði fyrir Vatnsás 18.

Bæjarráð samþykkti á 44. fundi sínum samninginn og vísar honum til staðfestingar í bæjarstjórn.

**11. 2606022 - Stefnumörkun um smölun búfjár**

Lögð fram erindi um beiðni um smölun ágangsfjár ásamt öðrum gögnum sem tengjast málinu.

Bæjarráð samþykkti á 44. fundi sínum tillögu að svari sveitarfélagsins við beiðni um smölun ágangsfjár.

Bæjarráð ítrekaði jafnframt á sama fundi fyrri stefnumörkun sveitarfélagsins um að áður en sveitarfélagið gripi til smölunar ágangsfjár þyrftu að liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um að um væri að ræða ágang á ræktarland í skilningi fjallskilasamþykktar, að viðeigandi ráðstafanir hefðu verið gerðar gagnvart eiganda búfjár og að tilefni væri til að sveitarfélagið gripi til viðeigandi ráðstafana samkvæmt lögum. Yrðu slík gögn ekki lögð fram myndi sveitarfélagið taka ákvörðun á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga.

Verði erindinu svarað og fullnægjandi upplýsingar lagðar fram sem sýna fram á að skilyrði laga, fjallskilasamþykktar og framangreindrar stefnumörkunar sveitarfélagsins séu uppfyllt mun sveitarfélagið grípa til viðeigandi ráðstafana. Við það mat verður m.a. litið til þess hvort um sé að ræða ræktarland, hvort hætta sé á tjóni eða tjón hafi orðið af völdum ágangsfjár, umfangs ágangsins og hversu brýnt sé að bregðast við. Við mat á því hvort fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir verður meðal annars litið til þess hvort svör hafi borist við þeim atriðum sem sveitarfélagið hefur óskað eftir upplýsingum um.

Bæjarráð samþykkti jafnframt að senda afgreiðslu þessa til landbúnaðarnefndar til umfjöllunar. Landbúnaðarnefnd yrði heimilt, á grundvelli fyrri umboðs bæjarráðs, að breyta kröfum og verklagsreglum í svari sveitarfélagsins vegna framkvæmdar þess eða samræmingar við önnur sveitarfélög innan fjallskilaumdæmisins. Slíkar breytingar skyldu kynntar bæjarráði og giltu þar til annað yrði ákveðið af bæjarráði eða bæjarstjórn.

Að lokum benti bæjarráð á að umráðamanni lands væri heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði væri friðað svæði og væri þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð samkvæmt lögum nr. 38/2013 um búfjárhald.

**12. 2405005 - Samstarf sveitarfélagsins við Félag atvinnulífs í Stykkishólmi**

Lagt fram erindi frá Félagi atvinnulífs í Stykkishólmi vegna Danskra daga sem fyrirhugaðir eru í ágúst nk.

Bæjarráð samþykkti á 44. fundi sínum að veita Félagi atvinnulífs í Stykkishólmi styrk vegna Dönskra daga í Stykkishólmi að fjárhæð kr. 1.000.000, til viðbótar við vinnuframlag starfsfólks sveitarfélagsins samkvæmt venju. Jafnframt samþykkti bæjarráð á fundi sínum að standa straum af kostnaði vegna sýningar Leikhópsins Lottu í Hólmgarðinum í tengslum við hátíðina, þannig að aðgangur yrði öllum íbúum og gestum hátíðarinnar að kostnaðarlausu.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

### 13. 2604007 - Markmið skólastofnana á sviði næringar

Á 25. fundi skóla- og fræðslunefndar var tekið til umræðu markmið skólastofnana sveitarfélagsins á sviði næringar, en Grunnskólinn í Stykkishólmi er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli þar sem m.a. er lögð áhersla á að heildstæð markmið séu skilgreind á sviði næringar.

Bæjarstjórn unga fólksins tók málið einnig til umræðu á 3. fundi sínum og lagði fram ályktun sem skerpir á heilsueflandi áherslum.

Bæjarráð tók, á 43. fundi sínum, undir að full ástæða sé til að taka málefni mötuneyta skólastofnana sveitarfélagsins til heildstæðrar skoðunar, með það að markmiði að efla næringu og heilsusamlegt mataræði í samræmi við leiðbeiningar Embættis landlæknis um skólamötuneyti.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn á fyrrgreindum fundi að í júní 2026 verði skipaður starfshópur með aðkomu utanaðkomandi fagaðila sem vinni með skólastofnunum og starfsfólki mötuneyta að heildstæðri skoðun og gerð tillagna með hliðsjón af framangreindum markmiðum.

Bæjarstjórn staðfesti á 47. fundi sínum afgreiðslu bæjarráðs.

Málið var tekið að nýju fyrir á vettvangi bæjarráðs á 44. fundi ráðsins.

Á fundinum lagði bæjarráð til að eftirfarandi aðilar yrðu skipaðir í starfshóp sveitarfélagsins: Formaður skóla- og fræðslunefndar nefndar (formaður), skólastjóri Grunnskólans í Stykkishólmi, skólastjóri Leikskólans í Stykkishólmi, fjármála- og skrifstofustjóri og íþróttá- og æskulýðsfulltrúi.

Jafnframt var lagði bæjarráð til að óskað yrði eftir því að Sæþór H. Þorbergsson ynni með starfshópnum sem utanaðkomandi fagaðili.

Gert er ráð fyrir að starfsfólk í eldhúsum sitji fundi starfshópsins eftir atvikum.

Bæjarráð vísaði málinu á 44. fundi sínum til afgreiðslu í bæjarstjórn. Þá er lögð fram drög að erindisbréfi starfshópsins.

### 14. 2011013 - Breiðafjarðarferjan Baldur

Lagt fram erindi frá Félagi atvinnulífs í Stykkishólmi þar sem lýst er yfir þungum áhyggjum af áhrifum þess að Breiðafjarðarferjan Baldur hafi verið tekin úr áætlunarsiglingum um Breiðafjörð. Í erindinu er lögð sérstök áhersla á þau neikvæðu áhrif sem ákvörðunin hefur á atvinnulíf, ferðaþjónustu og rekstrarumhverfi fyrirtækja í Stykkishólmi, auk þess sem skorað er á innviðaráðherra og Vegagerðina að grípa til aðgerða og á þingmenn Norðvesturkjördæmis að beita sér fyrir því að tryggja megi að Baldur komi aftur heim á Breiðafjörð og geti áfram sinnt því mikilvæga hlutverki að tryggja áreiðanlegar samgöngur yfir Breiðafjörð.

### 15. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

16.06.2026

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri.